

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um skimun fyrir krabbameini.

Frá Evu Sjöfn Helgadóttur.

1. Stendur til að bjóða upp á skimun fyrir brjóstakrabbameini fyrir konur yngri en 40 ára í ljósi þess að 215 konur undir 40 ára aldri hafa greinst með brjóstakrabbamein sl. 20 ár?
2. Hversu margar konur hafa greinst með brjóstakrabbamein við fyrstu skimun sem boðað er í þegar þær ná 40 ára aldri? Óskað er eftir sundurliðun fyrir sl. 10 ár.
3. Stendur til að endurskoða það fyrirkomulag að bjóða konum að fara í skimun fyrir leg-hálskrabbameini aðeins á þriggja ára fresti, í stað tveggja eins og áður var?

Skriflegt svar óskast.